



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Hreyfingin er hafin

Sjónarhorn kvenna í grasrót íslenskrar tónlistar

Sigríður Rákel Gunnarsdóttir Langdal

Lokaverkefni til BA-prófs

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Vorönn 2024

Hreyfingin er hafin

Sjónarhorn kvenna í grasrót íslenskrar tónlistar

Sigríður Rákel Gunnarsdóttir Langdal

Lokaverkefni til BA-prófs í Tónsmíðum

Leiðbeinandi: Arnar Eggert Thoroddsen

Tónsmíðar

Tónlistardeild

Vorönn 2024

Ritgerð þessi er 6 ECTS eininga lokaverkefni til BA-prófs í Tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Óheimilt erað afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Post-dreifing er listamannasamfélag stofnað af ungu fólki í Reykjavík í desember 2017. Þau þráðu nýjan vettvang til þess að deila list sem passaði ekki inn í meginstraumslist á þeim tíma. Það sem er sérstakt við þessa grasrótarsenu eru þau pólitísku gildi sem hún fylgir. Í ritgerðinni greini ég *post-dreifingu* sem vettvang og stofnun hennar. „Gerum það saman“ og „öruggari rými“ eru þeirra helstu gildi og er hægt að sjá svipaða hugmyndafræði í listamannasamfélögum og öðrum grasrótarsenum. Í ritgerðinni rannsaka ég einnig hver upplifun kvenna innan grasrótarsenu Íslands er og hvaða þættir hafa áhrif á þeirra upplifun. Ég tók viðtal við fimm konur innan samfélagsins og spurði þær hver þeirra upplifun væri á senunni. Helstu niðurstöðurnar eru þær að innan grasrótarsenunnar upplifa þær mun minni fordóma gagnvart kyni sínu vegna þess að ekki sé gert upp á milli kynja, eða ekkert sérstakt gert úr kyni öllu heldur. Þar með er skapað mun opnara rými til þess að skapa list. Uppeldi þeirra sem konur í þessum heimi hafði djúpstæð áhrif á þær og sú upplifun kom oft upp í svörum við spurningum sem höfðu þó ekki þá ætlun að skapa umræðu um slíkt. Líklegast út af hugmyndafræði og gildum *post-dreifingar* dregst samhuga fólk að viðburðum þeirra og þar af leiðandi skapar það öruggari rými, sérstaklega þar sem meðlimir *post-dreifingar* eru mjög skýr með sín gildi svo fólk veit við hverju má búast þegar þau mæta.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Hvað er grasrót?	7
1.1 Grasrótarlist.....	7
1.2 Grasrótarsenan á Íslandi.....	7
1.3 Sértek virkni grasrótahópa.....	8
1.4 Konur í (grasrótar) tónlist	9
2. Greining á <i>post-dreifingu</i>	11
2.1 Upphaf og eðli <i>post-dreifingar</i>	11
2.2 „Gerum það saman“	12
2.3 „Öruggari rými“	13
2.4 Hátíðni	13
3. Viðtöl	15
3.1 Hugmyndafræði <i>post-dreifingar</i>	16
3.2 Kven-tengdar upplifanir af senunni	18
3.3 Hvernig senan birtist þeim persónulega.....	20
4. Samantekt	23
Niðurstöður og lokaorð	24
Heimildaskrá	27
Viðtöl.....	30

Inngangur

Staða kvenna í tónlistarsögunni er þannig að tækifæri hafa ávallt verið af skornum skammti og plássleysi mikið ólíkt því sem karlar njóta. Oft eru þær settar í hlutverk söngkonu en ekki skapandi aðila og gildir þá einu hvort þær eru að semja eða ekki.¹ Sem ungri tónlistarkonu finnst mér áhugavert að skoða af hverju svo er. Hver er staðan í þessum málum í dag og hvert erum við að stefna?

Í þessari ritgerð hyggst ég skoða sjónarhorn kvenna í íslensku grasrótarsenunni, sérstaklega á meðal listafólks í listamannasamfélaginu *post-dreifing*. Með sjónarhorni er átt við hvernig þær hafa upplifað grasrótarsenuna, bæði í mótun hennar sem og hvernig hún er núna. Til þess að svara þessum spurningum hef ég kosið að taka viðtöl við fimm konur sem allar hafa verið virkar í íslensku grasrótarsenunni eins og hún birtist í dag. Jafnframt hyggst ég skoða þær skilgreiningar sem notast er við í rannsókninni, t.d. hvað er grasrótartónlist og jafnframt greina þann vettvang sem þær hafa nýtt sér, þ.e. *post-dreifingu*. Sérstaklega er lögð áhersla á að greina hvort umræðan eða staða þeirra sé ólík miðað við aðrar tónlistarsenur, út frá kynjasjónarmiði. Einnig hvað það gæti verið sem léti þeim líða öðruvísi innan grasrótarsenunnar.

Rannsóknarspurningin sem tekist er á við í þessari ritgerð er: Hvert er sjónarhorn kvenna í íslensku grasrótartónlistarsenunni? Ritgerðin er einnig hugsuð sem skrásetning á sjónarhorni kvenlistamanna innan grasrótartónlistarsenunnar á Íslandi og greining á *post-dreifingu* í akademísku samhengi.

Nú þegar hefur verið skrifuð ein BA-ritgerð um *post-dreifingu*.² Hún skoðaði listasamlagið út frá anarkískum skipulagskenningum og skoðaði sögu, stofnun og störf upp að skrifum hennar árið 2019.³ Höfundur hennar, Jóhannes Bjarki Bjarkason hefur verið hluti af *post-dreifingu* í langan tíma og hefur gott innsæi í senuna sem virkur þátttakandi í henni. Mitt innsæi inn í senuna kemur upphaflega aðeins frá utanaðkomandi sjónarhorni og viðtala við

¹ Sheila Whitley, *Women and Popular Music: Sexuality, Identity, and Subjectivity*, Endurprent (2 Park Square, Milton Park, Abingdon, Oxon. 270 Madison Ave, New York: Routledge, 2000), 51.

² Jóhannes Bjarki Bjarkason, „Dreifingin er hafin: Listasamlagið post-dreifing í ljósi anarkískra skipulagskenninga“ (BA ritgerð, Reykjavík, Háskóli Íslands, 2019), <https://skemman.is/bitstream/1946/32051/1/baritger%c3%b0.pdf>.

³ Ritgerðin er ekki notuð sem fræðaheimild en ég vildi nefna það að hún er til og því greinilegur áhugi fyrir starfseminni sem ég er að fara í hér.

konur innan senunnar auk þess sem ég er sjálf kona og hef tekið þátt í starfseminni. Þó hef ég, á tímabilinu við skrif þessarar ritgerðar, orðið virkari þátttakandi vegna áhuga fólks á ritgerðinni þá haldast þessi skrif sem utanaðkomandi skrásetning með sérstaka áherslu á hvernig listafólkið sem ég tók viðtal við greindu frá sinni upplifun.

Í ritgerðinni byrja ég í fyrsta kafla að fara yfir skilgreiningar á hugtakinu grasrótartónlist og hvernig sú sena birtist á Íslandi. Þar kem ég með mínar eigin fyrirframgefnu hugmyndir og upplifun af senunni meðfram því að styðjast við erlendar rannsóknir á svipuðum fyrirbærum. Því næst í kafla tvö greini ég *post-dreifingu* sem er sá vettvangur sem viðmælendur mínir hafa helst nýtt sér. Sú greining er að ákveðnu leyti flókin þar sem vettvangurinn er laus í reipunum og á ákveðinni hreyfingu en er þó byggð á rannsókn á því hvaða verkefni hafa verið í gangi á vegum *post-dreifingar*. Hér fer ég í saumana á „gerum það saman“ og „öruggari rými“ hugmyndafræðinni. Í kafla þrjú er farið yfir viðtölin og síðan kemur samantekt þeirra í kafla fjögur. Að lokum koma niðurstöður, lokaorð og vangaveltur mínar um *post-dreifingu*.

1. Hvað er grasrót?

Í þessum kafla hyggst ég skoða hugtakið grasrót og grasrótartónlist, bæði viðurkennda skilgreiningu ásamt þeim hugmyndum sem ég sjálf les í hugtökin. Því næst að skoða grasrótartónlistarsenuna á Íslandi, með sérstakri áherslu á *post-dreifingu*, sem einn anga hennar. Í stanslausri tengingu við grasrót mun ég vitna í listamannasamfélög þar sem þau eiga sér stað meðal grasrótarmeyfinga.

1.1 Grasrótartónlist

Hugtakið grasrót (e. grassroot) hefur verið notað í gegnum tíðina til þess að greina starfsemi hópa eða samtaka sem samanstendur af fólki sem eru að mestu leyti áhugafólk frekar en atvinnumenn á því svæði sem rætt er um.⁴ Þetta hugtak er viðeigandi á okkar tímum til þess að skilgreina muninn milli hópa sem starfa sjálfstætt og utan meginstraumsins (e. mainstream) og hópa sem starfa innan kerfisins. Mín upplifun af grasrótarsenum er sú að þær séu oft byggðar á samfélagi utan meginstraumsins. Stundum af yngra fólki, í þeim tilgangi að geta búið til vettvang til þess að deila hugmyndum frjállega sem þau hefðu ekki getað deilt innan meginstraums samfélags. Annaðhvort útaf aldri og/eða skorti á tengingum inn í meginstraumsheiminn, eða taka þá ákvörðun að starfa utan kerfisins þar sem kerfið gefur þeim ekki það svið sem þau óska eftir. Oftast hef ég séð hugtakið verið notað innan pólitískra og samfélagslegra hreyfinga um starfsemi sem á sér stað um hópa utan meginstraumsins. Þetta á sérstaklega við um Íslensku grasrótarsenuna.

1.2 Grasrótarsenan á Íslandi

Grasrótarsenan á Íslandi er margþætt og *post-dreifing* er ekki eini kими hennar. Í gegnum tíðina hafa verið til nokkrir listamannahópar á Íslandi eins og Tilraunaeldhúsið, S.L.Á.T.U.R. og Smekkleysa, sérstaklega í upphafi sinnar starfsemi. Í þessu samhengi er átt við listamannahópa sem standa saman af fólki sem deila sömu hugmyndafræði og stefnu í þeim tilgangi að standa saman og skapa nýja list með stuðningi hvers annars.⁵ Oftast er fólk að koma saman með mismikla reynslu til þess að deila vísu og hæfileikum og læra af hvort öðru. Vegna þess að Ísland er lítið land nú þegar þá er erfitt að segja að hópur grasrótartónlistarmanna sé án atvinnumanna. Þó getur fámennið verið ákveðinn styrkur þegar kemur að tónlistarsenunni þar sem það er oft mun auðveldara að mynda

⁴ Halldóra Jónsdóttir, „Grasrót“, í *Íslensk nútímamálsorðabók* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, mars 2020), <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/53948>.

⁵ „Collective“, Tate, sótt 4. apríl 2024, <https://www.tate.org.uk/art/art-terms/c/collective>.

tengsl og kynnast fólki. Þetta tekur Snæbjörn Helgi Arnarsson Jack, sem hefur verið hluti af *post-dreifingu* frá stofnun hennar, undir í viðtali við Alina Blommegård og segir að „út af fjölda okkar þá er það þess virði að vinna saman og búa til tónlist.“⁶

Grasrótarsenan er í eðli sínu pólitísk. Sérstaklega þegar kemur að *post-dreifingu* þar sem þeirra gildi eru and-kapítalísk á þann hátt að þau vilja gera rými fyrir listamenn til þess að skapa, miðla og koma fram „burtséð frá fjárhagslegri stöðu hvers og eins, og án hvers kyns gróðasjónarmiða.“⁷ Þar sem í dag er lögð mikil áhersla á fullkomnun og neytendamiðað efni, sérstaklega í tónlistarbransanum,⁸ þá er þessi sena mikilvæg til mótvægis við kapítalíska hugsun og til að ýta undir listsköpun sem er ekki drifin áfram af hagnaðarhugsun. Hægt er að líkja þessari grasrótarsenu við „straight-edge“ senuna þar sem þau eru með gildi burtséð frá tónlistinni sem fólk innan senunnar fylgir og dregst fólk með sömu gildi að henni, sem stuðlar að róttækni í gegnum tónlistina.⁹

1.3 Sértek virkni grasrótahópa

Grasrótahreyfingar eiga margt sameiginlegt og jafnvel þó þær starfi af mismunandi ástæðum í ólíkum löndum þá hef ég séð mikla skörun hvað varðar gildi þeirra. Oft starfa þær með sjálfbærni í huga, eru í uppreisn gegn framtaksleysi á ýmsum sviðum og gjarnan fylgir þeim pólitísk áhersla.

Waterfront Trail Artists' Association byrjaði sem listamannahópur 1990 út frá þörf listamanna að sanna það að þau væru verðug að fá laun fyrir list sína og að listamannahópar geti lifað án þess að misnota listamenn. Hreyfingunni var seinna breytt í „non-profit“ samtök, þ.e. ekki hagnaðardriffin samtök. Þeirra stefna er sú að standa fyrir viðburðum á svæðinu til þess að efla listsköpun í gegnum „gerum það sjálf“ (e. do it ourselves) hugmyndafræðina. Þegar þau voru hvað virkust stóðu þau fyrir námskeiðum og í greininni „The Artistic Precarait“ ræða McLean og Bain um mikilvægi grasrótahreyfinga og taka til dæmis *Waterfront Trail Artists' Association* sem dæmi um þá menningu sem felst í því að efna til sköpunar utan kerfisins, með and-kapítalísk gildi og sameiginleg rými

⁶ Alina Blommegård, „Post-dreifing: ”Musik och politik är sammankopplade hela tiden”“, *HYMN* (blog), 17. apríl 2021, <https://hymn.se/2021/04/17/post-dreifing-musik-och-politik-ar-sammankopplade-hela-tiden/>.

⁷ Post-dreifing, „Post-dreifing manifesto“, post-dreifing, 19. janúar 2022, <https://post-dreifing.is/about/>.

⁸ Timothy Dean. Taylor, *The sounds of capitalism advertising, music, and the conquest of culture* (Chicago ; London: University of Chicago Press, 2012), 240–41, <https://doi.org/10.7208/9780226791142>.

⁹ Arnar Eggert Thoroddsen, „Getur tónlist stuðlað að róttækni?“, *Visindavefurinn*, sótt 18. mars 2024, <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=49077>.

þar sem listamenn geta deilt gæðum og hugmyndum til þess að byggja upp annað samfélag í mótvægi við ráðandi nýfrjálshyggjuhugmyndirnar.¹⁰

Í greininni „Sexual Violence and Gender Equality in Grassroots Music Venues: How to Facilitate Change“ er rætt við bæði viðburðahaldara og fólk sem rekur tónlistarstaði um hugmyndafræði í tengslum við hvernig þau vinna við kynferðisofbeldi og jafnrétti kynja. Fram kom að þessir aðilar voru með svipaðar hugmyndir um hvernig þau vinna að slíku en á mismunandi hátt. Einn tónleikastaður hefur verið með „öruggari rými“ (e. safer space) stefnuna frá stofnun hans og hefur þess vegna dregið að sér fólk sem fylgir sömu hugmyndafræði og þar með búið til öruggt rými fyrir bæði tónlistarmenn og áhorfendur sem sækjast eftir því. Einn viðburðahaldari talaði um að þau ynnu oftast með hljómsveitum sem fylgdu jafnframt sömu gildum og þau, sem gefur gagnkvæmar væntingar um hvað þau búast við frá hverju öðru þegar kemur að feminískum gildum. Einnig láta þau hljómsveitirnar tala um þau gildi við áhorfendurna svo öll séu á sömu blaðsíðu. Viðburðarhaldarinn var jafnframt með sterk gildi innan þeirra eigin samfélags. Ef ein manneskja innan þeirra samfélags talaði um að þau hefðu haft slæma reynslu á tónleikastað síðustu tólf mánuðina þá vildi viðburðahaldarinn ekki halda viðburði þar. Þannig var fyrir þeim mjög mikilvægt að bæði hugmyndafræði og upplifun fólks á stöðum hefði áhrif á hvort þau vildi halda tónleika þar.¹¹

Þetta sýnir að innan sumra grasrótahreyfinga og listamannasamfélaga í dag er lögð rík áhersla á pólitíska afstöðu og samstöðu gegn utanaðkomandi meginstraumssenum sem fylgja ekki sömu gildum.

1.4 Konur í (grasrótar) tónlist

Lítið er til af fræðilegu efni um konur í grasrótartónlist en hér verður samt gerð tilraun til að standsetja þann þátt. Í gegnum tíðina hafa konur í tónlist ekki fengið að taka eins mikið pláss og samtíma karltónlistarmenn. Cecilia Björck greinir frá því í doktorsritgerðinni sinni „Claiming Space: Discourses on Gender, Popular Music, and Social Change“ að konur innan tónlistarsenunnar eiga oft erfiðara með að eigna sér plássið sem þær eiga skilið.¹²

¹⁰ Alison Bain og Heather McLean, „The Artistic Precariat“, *Cambridge Journal of Regions, Economy and Society* 6, tbl. 1 (1. mars 2013): 93–111.

¹¹ Rosemary Lucy Hill og Molly Megson, „Sexual Violence and Gender Equality in Grassroots Music Venues: How to Facilitate Change“, *IASPM Journal* 10, tbl. 1 (15. nóvember 2020): 3–21.

¹² Cecilia Björck, „Claiming Space: Discourses on Gender, Popular Music, and Social Change“ (Doktors ritgerð, Fågelsången 1, Gautaborg, Svíþjóð, University of Gothenburg. Faculty of Fine, Applied and Performing Arts, 2011), <http://hdl.handle.net/2077/24290>.

Björck greinir frá því að í umræðuhópum tjáði ein tónlistarkonan sig um takmörkunina sem hún upplifði útaf uppeldi sínu. Hún telur að það sé mun stærri þröskuldur sem kventónlistarmenn þurfa að yfirstíga til þess að komast inn í karlægari senur eins og þungarokk. Björck tekur undir þetta með því að segja að vegna skorts á kvenfyrirmyndum og fyrirframgefnum væntingum til kvenna frá samfélaginu þá takmarka þær sig mun meira heldur en karlar. En umræðuhóparnir töluðu líka um að „gera það samt“ og að hugmyndin um að gera það sem er búist við af þeim er meðvituð en þær vinna gegn henni. Þær sögðu að kventónlistarmenn þurfa ekki aðeins að læra um tónlist heldur líka um hvernig þær geta eignað sér pláss. Þær læra að styðja við aðrar stelpur, að vita hversu mikils virði þær séu í raun, að leggja sig meira fram í hljómsveitum og að eignast sér pláss þegar þær spila tónlist.¹³

Svipaðar upplifanir voru greindar í bókinni „Towards Gender Equality in the Music Industry: Education, Practice and Strategies for Change“ ritstjórnað af Catherine Strong og Sarah Raine. Í kaflanum „Preparing for the ‘Real World’? Exploring Gender Issues in the Music Industry and the Role of Vocational Popular Music Higher Education“ eftir Helen Elizabeth Davies skrifar hún að konur séu líklegri að velja „kvenlegri“ hljóðfæri eins og söng, píanó og flautu á meðan karlar velja sér „karllegri“ hljóðfæri eins og gítar, trommur eða trompet. Þar greinir einn viðmælandi og nemandi í Liverpool Institute for Performing Arts frá sinni upplifun sem bassaleikari sem fékk meira sjálfstraust með því að hafa aðra kvenfyrirmynd sem kennara. Hún segir að það hafi hjálpað henni að byggja upp það sjálfstraust sem hún þurfti til þess að spila með karlmönnum eftir að sjá einhvern annan í sömu stöðu. Það sýndi henni frá ungum aldri að hún gæti gert það sama.¹⁴ Fyrirmyndir fyrir kventónlistarmenn er án efa eitt það mikilvægasta sem tónlistarsenan getur boðið framtíðarkynslóðum upp á, því þá sjá aðilar fólk í þeim stöðum sem þeir vilja vera í og gera sér grein fyrir því að þeir geti gert hið sama. Þessum greiningum er ekki beint sérstaklega að grasrótartónlist en allt sem þarna kemur fram á allt eins við þar og í tónlist sem er meira meginstraums.

¹³ Björck, 153–55.

¹⁴ Helen Elizabeth Davies, „Preparing for the ‘Real World’? Exploring Gender Issues in the Music Industry and the Role of Vocational Popular Music Higher Education“, í *Towards Gender Equality in the Music Industry: Education, Practice and Strategies for Change*, ritstj. Catherine Strong og Sarah Raine (Bloomsbury Academic, 2019), 29–43, <https://directory.doabooks.org/handle/20.500.12854/98549>.

2. Greining á *post-dreifingu*

Ef *post-dreifingu* er lýst í mjög einföldu máli er hægt að lýsa því sem opnu listamannasamfélagi. Það er þó enn flóknara en það. Hugmyndir um stofnun *post-dreifingar* fóru á flug í kringum tónleikana *Lovely Great Time* og eftir þá hafa þau verið að standa fyrir viðburðum, gefa út tónlist og aðra list með krafti.¹⁵ Í yfirlýsingu (e. manifesto) *post-dreifingar* skilgreina þau sig sem:

[H]ópur af sjálfstæðu listafólki á stórreykjavíkursvæðinu, sem hefur það að markmiði að auka sýnileika og sjálfbærni í listsköpun í krafti samvinnu. [V]ið afneitum eindregið markaðs- og gróðahyggju í vinnu okkar; við stefnum á að búa til vettvang fyrir sjálfstætt listafólk til að halda áfram að skapa, burtséð frá fjárhagslegri stöðu hvers og eins, og án hvers kyns gróðasjónarmiða. [V]ið affneitum allri stigskiptingu og vinnum alltaf á jöfnum grundvelli innan *post-dreifingar*. [O]kkar lýðræði er ekki fulltrúalýðræði, þar sem meirihlutinn ræður, heldur raunverulegt lýðræði, þar sem allir hafa eitthvað að segja. [V]ið forðumst tilbrigðaleysi í listsköpun.¹⁶

2.1 Upphaf og eðli *post-dreifingar*

Post-dreifing var stofnuð í desember 2017 af ungum listamönnum sem þráðu nýjan vettvang til að deila nýrri og tilraunakenndri tónlist sem fann sér ekki neinn stað til að vaxa í íslensku tónlistarsenunni á þeim tíma. *Post-dreifing* er einstakt, lifandi fyrirbæri sem var skapað af ungu fólki sem vildi hvetja til meiri sköpunar og viðburða í Reykjavík.¹⁷

Meðlimir *post-dreifingar* hafa verið mismunandi í gegnum árin, fólk kemur inn og út og hefur því verið ákveðið flæði. Einnig eru engar reglur um hver megi ekki vera hluti af *post-dreifingu*, ef þú vilt taka þátt þá máttu það, viðkomandi þarf aðeins að vera virkur þátttakandi og mæta á viðburði, byggja tengingar við aðra og sýna almennan áhuga á því að vilja hjálpa.¹⁸ Fyrirnefndur Snæbjörn, segir í viðtali við Alina Blommegård: „Ef að þú kemur og byrjar að hjálpa í þessu samfélagi, mætir á fundi, borgar þinn hluta af leigunni og skrifar svo allt í einu lag með kvenhatandi texta, þá gengur það ekki upp fyrir okkur.“¹⁹ *Post-dreifing* tekur pólitíska afstöðu gegn ofstæki og endurspeglar listamennirnir þær skoðanir. Þó tónlistin sé ekki alltaf í eðli sínu pólitísk þá hafa meðlimir *post-dreifingar*

¹⁵ Jana Björg Þorvaldsdóttir og Árni Dagur Andrésson, „Dreifing er hafin“, *Neminn.is* (blog), 31. janúar 2020, <https://neminn.is/2020/01/dreifing-er-hafin/>.

¹⁶ *Post-dreifing*, „*Post-dreifing* manifesto“.

¹⁷ Alina Blommegård, „*Post-dreifing*: ”Musik och politik är sammankopplade hela tiden““, *HYMN* (blog), 17. apríl 2021, <https://hymn.se/2021/04/17/post-dreifing-musik-och-politik-ar-sammankopplade-hela-tiden/>.

¹⁸ Jana og Árni, „Dreifing er hafin“.

¹⁹ Blommegård, „*Post-dreifing*“.

verið háværir um sínar skoðanir. Hægt að nefna samvinnu með No Borders Iceland og Samstöðu Tjaldinu, þar sem meðlimir *post-dreifingar* eða *post-dreifing* standa fyrir viðburðum tengdum þeim eins og samstöðutónleikum gegn brottvísunum.²⁰ Bjarni Daníel Þorvaldsson, meðlimur *post-dreifingar*, lýsir sínu viðhorfi í viðtali við The Face og segir að þó hann skrifi tilfinningadrifin ástarlög þá sé það pólitísk tónlist þegar hann flytur þau á Austurvelli í mótmælaskyni við því hvernig farið er með innflytjendur á Íslandi.²¹

Nafnið er dregið frá hugmyndinni um post-rokk og post-modernisma. Þau vissu að þau vildu hafa post- eitthvað og upprunalega var það post-útgáfa en með meiri umræðu var „dreifing“ ákveðið þar sem þeim fannst það vera meira viðeigandi um breytingu á dreifingu eftir komu internetsins.²² Í gegnum tíðina hafa þau einnig notast við slagorðin „dreifing er hafin“ fyrir nýja tónlist og tónleika,²³ sem gæti verið bæði tilvitnun í hina almennu póstdreifingu eða eins og áður kom fram, dreifingu eftir komu internetsins.

2.2 „Gerum það saman“

Fólk með sambærileg gildi dregst að hvert öðru og hefur þannig myndast kjarni af fólki sem fylgir sömu gildum og er *post-dreifing* gott dæmi um slíkt. Til þess að svona samfélag virki þarf að vera einhverskonar drifkraftur og í *post-dreifingu* kemur sá kraftur frá öllum.²⁴ Öll eru tilbúin að hjálpast að og biðja um hjálp til þess að koma hlutum af stað. *Post-dreifing* hefur alltaf verið mjög opin með hugmyndafræði sína og er stanslaust að koma henni á framfæri, hvort sem það sé á samfélagsmiðlum, í viðtölum eða á viðburðum.²⁵ „Gerum það saman“ hefur einnig verið sterk hugmynd innan *post-dreifingar* og er sú hugmyndafræði hægt að finna í öðrum listamannasamfélögum, eins og *Waterfront Trail Artists ‘ Association*, þar sem þau fundu ekki fyrir stuðningi frá borginni og ákváðu að gera hlutina sjálf.²⁶ Hugmyndafræðin „gerum það saman/sjálfr“ er eitthvað sem má sjá vel í

²⁰ „BROTTVÍSANIR ERU OFBELDI! protest & fundraiser concert / Korter í flog / GRÓA / Sigrún / Xiupill“, Samfélagsmiðill, Facebook, sótt 6. maí 2024, <https://www.facebook.com/events/419902337447407/>.

²¹ Joe Zadeh, „Reclaiming Reykjavik: Iceland’s Politically-Minded Youth Are Shaking...“, *The Face* (blog), 4. október 2019, <https://theface.com/music/reykjavik-iceland-post-dreifing-music-anarcho-scene>.

²² Karítas M. Bjarkardóttir, „Post-dreifing situr fyrir svörum“, *Framhaldsskólablaðið*, 2018.

²³ Post-dreifing, „post-dreifing (@post.dreifing) • Instagram photos and videos“, sótt 8. apríl 2024, <https://www.instagram.com/post.dreifing/>.

²⁴ Michael P. Farrell, *Collaborative Circles: Friendship Dynamics and Creative Work* (Chicago, IL: University of Chicago Press, 2003), 14–20, <https://press.uchicago.edu/ucp/books/book/chicago/C/bo3645929.html>.

²⁵ Rex Beckett, „From Iceland — New Wave DIY: Meet The Post-Dreifing Music & Arts Collective“, *The Reykjavik Grapevine*, 5. júlí 2019, <https://grapevine.is/icelandic-culture/music/2019/07/05/new-wave-diy-meet-the-post-dreifing-music-arts-collective/>.

²⁶ Bain og McLean, „The Artistic Precariat“.

pólítískum senum sem eru samsettar af yngra fólki þar sem þau eru ósátt við kerfið og að stjórnámálamenn séu ekki að gera nóg og þau þurfi því að taka málin í sínar eigin hendur.²⁷

2.3 „Öruggari rými“

„Öruggari rými“ (e. safer space) er einnig ein hugmyndafræði sem *post-dreifing* tileinkar sér. Hugmyndin kemur frá kvenréttindarbaráttunni en hefur gegnum tíðina verið notuð í því samhengi og *post-dreifing* notar hana, þ.e. sem tól til þess að skapa rými sem fólk líður vel í.²⁸ Þetta á sérstaklega við á tónlistarhátíðinni Hátíðni þar sem límd eru upp veggspjöld með ýmsum reglum sem fólk á að fylgja.²⁹ „Öruggari rými“ er einnig hugmyndafræði sem tónlistarhátíðirnar Norðanpaunk³⁰ og LungA³¹ tileinka sér. Talsverð skörun er á milli fólks sem sækir þessar þrjár hátíðir, þ.e. hóparnir eru skipaðir sama fólki upp að einhverju marki. *Post-dreifing* leggur líka áherslu á að fólk í „öruggari rými“ teyminu komi í stað lögreglu og öryggisvarða. Það er í samræmi við hugmyndafræði *post-dreifingar* að hafa öruggara rými án aðkomu lögreglu.³² Þetta teymi hefur aðeins verið á Hátíðni þar sem það er mun stærri viðburður en venjulegir tónleikar en fólk sem sækir viðburði á vegum *post-dreifinngrar* er meðvitað um stemninguna og tengir við hugmyndafræðina.

2.4 Hátíðni

Hátíðni er einn af stærstu viðburðunum sem *post-dreifing* hefur staðið að síðan 2017 og er helsta dæmið um ávöxt hugmyndafræði þess. Hátíðin er byggð á „gerum það saman“ hugmyndafræðinni og hjálpast allir að til þess að gera hátíðina að veruleika. Einnig er hún án hagnaðarhugsunar og allur peningur er nýttur í að halda hátíðina og eru flestir sem koma að skipulagningu hennar eru sjálfboðaliðar. Hátíðin hefur farið fram á Borðeyri við Hrútafjörð síðustu fimm árin og er markmið hennar að skapa tækifæri fyrir fólk að koma fram á stærra sviði í fyrsta sinn.³³ Eins og nefnt var í kaflanum á undan er „öruggara rými“ ein af áherslum Hátíðni, sérstaklega þar sem *post-dreifing* vill gera hana að öruggari hátíð

²⁷ Sarah Pickard, „Young environmental activists and Do-It-Ourselves (DIO) politics: collective engagement, generational agency, efficacy, belonging and hope“, *Journal of Youth Studies* 25 (28. mars 2022).

²⁸ The Roestone Collective, „Safe Space: Towards a Reconceptualization“, *Antipode* 46, tbl. 5 (2014): 1346–65.

²⁹ „post-dreifing (@post.dreifing) • Instagram photos and videos“, 29. júní 2023, https://www.instagram.com/p/CuFG8YbIjYY/?img_index=1.

³⁰ „LungA (@lunga.festival) • Instagram photos and videos“, 14. júlí 2023, <https://www.instagram.com/p/CurhSxtael/>.

³¹ „Norðanpaunk (@nordanpaunk) • Instagram photos and videos“, 5. ágúst 2023, https://www.instagram.com/p/Cvk3Jh5A7fi/?img_index=1.

³² Snæbjörn Jack. *hátíðni 2021*, 25. október 2021, <https://www.youtube.com/watch?v=h7KqxclSfh8>.

³³ Emma Ledbetter og Asha Edmondson, „From Iceland — Hátíðni: A Space For Those Without One“, The Reykjavik Grapevine, 11. ágúst 2022, <https://grapevine.is/mag/2022/08/11/hatidni-a-space-for-those-without-one/>.

á grundvelli sinnar hugmyndafræði.³⁴ Á þessu ári er Hátíðni að hefja sitt eigið líf utan *post-dreifingar* og hefur í kjölfarið búið sér til sína eigin samfélagsmiðla og virðist hátíðin vera komin til þess að vera.³⁵

³⁴ Snæbjörn Jack, *hátíðni 2021*.

³⁵ „New account! 🇷🇺 New account! 🇷🇺 Cheers to the... - Hátíðni Arts Festival | Facebook“, Facebook, 1. mars 2024.

3. Viðtöl

Meginefni ritgerðarinnar eru viðtöl sem ég tók við fimm konur á aldrinum 20 til 33 ára sem eru virkar í íslensku grasrótarsenunni. Viðtölin fóru fram á tímabilinu 13. til 25. september 2023, en viðmælendurna valdi ég byggt á mati á því hvaða konur hafi verið virkar í senunni, en jafnframt líka gætt að því að velja konur sem hafa verið virkar bæði lengur og skemur. Fjögur viðtöl voru tekin í nemendarymi Tónlistardeildar Listaháskóla Íslands en eitt var tekið í Hinu Húsinu. Viðmælendurnir voru reiðubúnir til þess að láta þessi getið hverjar þær væru, en þó ekki að ummæli þeirra væru undir nafni. Það er að segja sumar voru viðkvæmar fyrir því að hafa ákveðin atriði undir nafni sem þær höfðu sagt í viðtalinu. Viðmælendur voru þær Salóme Katrín Magnúsdóttir, Katrín Helga Ólafsdóttir, Karólína Þúfa Einars Mariudóttir, Kolbrún Óskarsdóttir og Sigurlaug Thorarensen. Viðmælendur fengu allar sömu spurningar og svörin voru skrifuð niður jafnóðum. Í ljósi svara viðmælenda er hægt að greina viðhorf þeirra til íslensku grasrótarsenunnar innan *post-dreifingar*. Viðtölin voru eigindleg einstaklingsviðtöl með níu spurningum. Viðtölin voru eigindleg vegna eðli málefnsins, ég bar upp ákveðnar spurningar en vildi samt helst ná upp samræðum við viðmælendur þannig að þær myndu gefa mér innsýn í það hvernig þær tengdu við spurningarnar.³⁶ Þær fengu allar sömu spurningar sem voru eftirfarandi:

1. Hvernig komstu inn í grasrótarsenuna?/í *post-dreifingar* senuna?
2. Finnst þér það hafa áhrif að vera kona eða karl eða kvár í senunni?
 - a. Breytir það einhverju?
 - b. Heldur þú að fólk sjái þig öðruvísi út frá því hvernig þú tjáir þig?
3. Finnst þér tónlistin þín vera tekin alvarlega af öðrum í grasrótarsenunni?
4. Hversu mikið hefur uppeldi þitt sem kona í þessum heimi haft áhrif á tónlistina þína?
5. Finnst þér þú vera hvött (bæði af utanaðkomandi aðilum og innan frá) til að skapa tónlist (meira en aðrir)?
6. Heldur þú að það sé samkeppni í þessari senu eins og öðrum? Afhverju?

³⁶ Helga Jónsdóttir, „Viðtöl í eigindlegum og megindlegum rannsóknum“, í *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, 1. útgáfa (Akureyri: Ásprent Stíll ehf, 2013), 137–53.

7. Hvernig er senan með kvengrassrótartónlistarmenn á Íslandi? Finnst ykkur þið þurfa að standa saman eða er senan með jafn mikill stuðningur við alla tónlistarmenn?
8. Hvernig líður þér á *post-dreifingar* tónleikum, bæði sem tónlistarmaður og sem áhorfandi?
 - a. Er þetta meira eða minna „öruggara rými“ (e. safer space) en á öðrum tónleikum í öðrum tónlistarsenum? Afhverju?
9. Hvernig hefur *post-dreifing/post-dreifingar* hugmyndafræðin haft áhrif á þig og þína tónlist?

Spurningarnar höfðu ákveðin þemu eins og upplifun kvenna af senunni, þeirra sjónarhorn á það að vera tónlistarkona í grasrótarsenu og áhrif kvenleika á tónlistina sem þær skapa og flytja. Spurningarnar komu ekki alltaf í réttri röð heldur oftast út frá ákveðnum þemum sem eru greind að hér fyrir neðan. Hér mun ég fara yfir svör viðmælenda við þeim spurningum.

3.1 Hugmyndafræði *post-dreifingar*

Lagðar voru fram þrjár spurningar sem voru sérstaklega um sjónarhorn/viðhorf/upplifun viðmælenda á senunni og hvernig hugmyndafræði hennar sýnir sig. Spurningarnar leituðust eftir sjónarhorni/hvað þær hafa séð jafnframt því sem þær hafa upplifað í *post-dreifingar* senunni. Ég vildi kanna hvernig/hvort samkeppni væri innan senunnar, hvernig tónleikahefðin sé og síðan yfirhöfuð hvernig þeim fannst hugmyndafræðin hafa áhrif á þær.

Heldur þú að það sé samkeppni í þessari senu eins og öðrum? Af hverju?

Viðmælendur voru með skiptar skoðanir um hvort að það væri samkeppni, þrjár voru á því að það væri ekki en hinar tvær töldu að það væri örugglega. Þó voru þær allar á því að grasrótartar senan á Íslandi, og sérstaklega *post-dreifing*, sé með miklu minni samkeppni heldur en aðrar senur því fólk sammælist um það að lyfta hvor öðrum upp, skapa list og hjálpast að. Eins og ein orðaði það:

Fólk er miklu heldur að upphelja hvort annað og mæta á tónleika og styðja hvort annað. Það er miklu meira að tala saman um tónlist. Sérstaklega í grasrótarsenu, að fólk sé áhugasamt um hvernig tónlistin er fyrir aðra. Maður spjallar við annað tónlistarfólk um hvernig þau gera tónlistina sína og hvernig þau byrjuðu og hvernig það virkaði hjá þeim.

Einn viðmælandi sem taldi vera samkeppni í senunni útskýrði að fyrir henni snérist samkeppnin meira um það að koma með eitthvað nýtt. Það kemur upp samkeppni þegar maður er að spila oft á sömu stöðum og þá vill maður koma með meiri nýja tónlist heldur en næsti maður. Seinni viðmælandinn sem taldi það vera sagðist ekki finna fyrir samkeppni en að samkeppnin snúist meira um um hvaða eyru maður nái til, því það eru bara svo mörg tækifæri til þess. Þessu viðhorfi til stuðnings sagði annar viðmælandi svipað nema hún taldi það ekki vera samkeppni fremur en að fólk sem duglegt að koma sér á framfæri, fá þá í staðinn fleiri tækifæri.

Hvenig líður þér á *post-dreifingar* tónleikum, bæði sem tónlistarmaður og sem áhorfandi?

Hér svöruðu allir viðmælendur að þeim liði vel á *post-dreifingar* tónleikum, að það væri mikil spilagleði og stuðningur frá öllum sem mæta. Þær upplifuðu að fólk sem mætir vill mæta til þess að styðja listamenn. „Gerum það saman“ hugmyndafræðin sem *post-dreifing* tileinkar sér kallar á fólk sem er tilbúið að hjálpa. Einn viðmælandi sagði að það væri ekki eins mikið þrep milli tónlistamanna og áhorfanda eins og á öðrum tónleikum. Þetta brúar bilið á milli tónlistarmanna og áhorfenda innan senunnar. Það gerir það bæði auðveldara fyrir alla að tala saman án þess að setja þau upp á stall og betra fyrir fólk að stíga fram í fyrsta skipti. Það er ekki eins mikil pressa að vera orðinn full mótaður tónlistarmaður.

a. Er þetta meira eða minna „öruggara rými“ (e. safer space) en á öðrum tónleikum í öðrum tónlistar senum? Af hverju?

Hugmyndafræðin um öruggari rými sem *post-dreifing* tileinkar sér hefur tekið sér sess fyrir stærri viðburði eins og Hátíðni. Eins og rætt var í kaflanum um hugmyndafræði *post-dreifingar*, þá er öruggari rými stefnan til staðar til þess að halda viðburðum án lögreglu og öryggisvarða og til þess að skapa, eins og nafnið gefur til kynna, öruggri rými. Einn viðmælandi talaði um að því allir sem mæta á grasrótartónleika vilja fá það sama úr þeim, svo það er ekki hægt að vera með neinn dólg. Listamenn innan grasrótarsenunnar eru töluvert pólitískari og opnari með það á samfélagsmiðlum, svo áhorfendur vita af því hvað þau eru að styðja við þegar þau eru að mæta á viðburði. Einn viðmælandi sagði að hún myndi miklu heldur vilja mæta ein á *post-dreifingar* tónleika heldur en einhverja aðra tónleika.

Hvernig hefur *post-dreifing/post-dreifingar* hugmyndafræðin haft áhrif á þig og þína tónlist?

Allir viðmælendur töluðu um að það að vera í *post-dreifingu* hafi haft opnandi áhrif á þær. Þær töluðu um að það að vera hluti af *post-dreifingu* og innan íslensku grasrótarsenunnar hafi bætt hugarfar þeirra gagnvart hvað er hægt að gera þegar kemur að því að búa til tónlist og skipuleggja viðburði. Hugmyndir um hver má gera hvað og að maður þarf ekki að vera atvinnumaður til þess að geta verið hljóðmaður eða til þess að skipuleggja tónleika eru dæmi um hvernig þær hugsa núna eftir að vera hluti af *post-dreifingu*.

Hugmyndafræði *post-dreifingar* virkar því, samhuga fólk dregst að senunni. Fólk sem vill mæta, fólk sem vill líða vel á tónleikum og fólk sem vill hjálpa. Viðmælendur upplifa að senan er opin fyrir öllu og tilbúin að styðja við alla sem sækjast í hana, og að hlutir eins og samkeppni séu kannski til staðar en birtir sig á þann hátt að það hefur ekki neikvæð áhrif á fólkið innan senunnar. Tónleikahefðir eru líka undir áhrifum hugmyndafræði um „öruggari rými“ og um að tónlist sé fyrir alla að skapa og hlusta á, óháð bakgrunni hvers og eins.

3.2 Kven-tengdar upplifanir af senunni

Þrjár spurningar voru um sjónarhorn viðmælenda á senunni gegnum kvenlega linsu. Spurningarnar leitast eftir upplifun viðmælenda sem konur innan senunnar og hvaða áhrif þær telja það að vera kona hafi haft á þær og tónlist þeirra.

Finnst þér það hafa áhrif að vera kona eða karl eða kvár í senunni?

a. Breytir það einhverju?

b. Heldur þú að fólk sjái þig öðruvísi út frá því hvernig þú tjáir þig?

Allir viðmælendur tjáðu að þeim finnst senan reyna vera hlutlaus gagnvart kyni en að sumir hlutir eins og hvernig fólk sér mann sé ekki eitthvað sem er auðveldlega hægt að breyta. Einn viðmælandi talaði um hvernig hún fann fyrir því meira utan grasrótarsenunnar, þegar spurt var hana spurninga álíka og „hvernig er að vera *kona* í tónlist“, og fannst henni það ekki vera svo mikið mál. Í spurningunni „Heldur þú að það sé samkeppni í þessari senu eins og öðrum? Afhverju?“ talaði annar viðmælandi líka um að þessi flokkun um að vera kona í tónlist komi frekar utan senunnar og að innan senunnar snúast samtölin heldur um tónlistina, ótengt kyni þeirra sem flytja hana. Hún orðar þetta svona:

„[...] maður finnur fyrir því hvernig fólk talar um okkur, ekki svona „þetta er svo flott hjá ykkur þremur stelpunum“, eins og við fengum mikið fyrst þegar við vorum yngri. Núna finnur maður meira tal um tónlistina, sem er það sem ég vil heyra.“

Einn viðmælandi talaði um það að miðað við popp-senuna á Íslandi, þar sem það lítur út fyrir að vera bara pláss fyrir eina popp söng konu í einu og þar sem þeim er oft stillt upp á móti hvort annari, þá er miklu meira rými og pláss fyrir alla innan grasrótarsenunnar.

Hversu mikið hefur uppeldi þitt sem kona í þessum heimi haft áhrif á tónlistina þína?

Þrír viðmælendur töluðu sérstaklega um að uppeldi þeirra sem kona hafi mikil áhrif á hvernig þær upplifa heiminn og hvernig heimurinn upplifir þær. Tvær af fyrri þremur og hinar tvær töluðu líka um hvernig fyrirfram ákveðin hlutverk kvenna bæði í heiminum og í tónlist hafi haft áhrif á þær. Hugmyndin um að konur eru oftast söngvarar að semja texta og laglínur sitjandi bakvið píanó sé ákveðinn kassi sem þær allar sáu fram á að finnast auðvelt að passa inn í, en þær fundu frelsi í að gera aðra hluti eins og að spila á trommur eða bassa, sem eru hlutverk sem karlmenn hafa fundist auðveldara að fylla inn í. Talandi um fyrirmyndir, einn viðmælandi svaraði sérstaklega um hennar innblástur frá því að sjá aðrar konur í tónlist og hvernig það hafði mótandi áhrif á að hún gæti gert það sama og þær. Á móti því var annar viðmælandi sem fannst hún ekki sjá neinar fyrirmyndir þegar hún var að alast upp og alltaf sömu gerð af popp söngdýfu, svo þegar hún byrjaði sinn tónlistar feril innan grasrótarsenunnar ákvað hún að vilja brjóta upp þessar hugmyndir. Fyrir henni er að spila á t.d. trommur ákveðin uppreisn gegn samfélaginu og henni sjálfri gegn hugmyndinni um það hvað það þýðir að vera kona í tónlist. Hægt var að sjá mynstur milli eldri og yngri viðmælenda um fjölda fyrirmynda. Þær eldri töluðu um að í kringum aldamótin hafi orðið áberandi breyting í kvennabaráttu og að ef að þú værir alin upp fyrir ákveðinn tíma voru mun færri fyrirmyndir. Þetta endurspegladist í svörum viðmælenda þar sem þær yngri gátu talið upp mun fleiri fyrirmyndir en þær yngri.

Hvernig er senan með kvengrasrótarmenn á Íslandi? Finnst ykkur þið þurfa að standa saman eða er senan með jafn mikill stuðningur við alla tónlistarmenn?

Viðmælendur, eins og við fyrri spurningum, svöruðu að senan reyni að styðja við alla jafnt og að þær upplifi ekki neina sérstaka þörf til þess að fá aukin stuðning, hvort það sé frá öðrum konum eða frá senunni sjálfri. En allir viðmælendur töluðu að einhverju leyti um

þörfina á að hafa aðrar konur að til þess að geta talað við og átt tengslanet. Þær töluðu um mikilvægi þess að geta rætt um tónlist innan aðeins annara kventónlistarmanna, því reynsluheimur kvenna er oft svipaðri en karla. En þá er ekki aðeins um tónlist að ræða heldur líka þær sameiginlegar upplifanir sem þær eiga eins og hljóðmenn að halda þeim til lægri kröfum (e. lower standards) en karl-listamenn. Tveir af viðmælendum töluðu um að þær vildu skapa fleiri tækifæri sem leiddu til þess að kynnast fleiri konum innan senunnar, en hinar voru hlutlausar varðandi hvort að það þyrfti.

Eins og var að búast við þá er *post-dreifingar* senan meðvituð um kyn, en reynir sitt besta að ekki láta það hafa áhrif á neitt. Þótt senan innihaldi fleiri karlmenn hlutfallslega þá er það ekki eitthvað sem hrjáir tónlistarkonur því það er sýndur jafn mikill stuðningur til allra, óháð kyni. En konur eru alltaf með ákveðnar upplifanir af heiminum og heimurinn upplifir þær á ákveðinn hátt svo þær sækjast oft mun meira eftir kvenfyrirmyndum og kven-samtölum þegar kemur að þeim hlutum. Utan senunnar finnst nokkrum vera lögð meiri áhersla á að vera *kvenkyns* listamaður heldur en bara listamaður, en innan senunnar getur það verið lagt til hliðar og maður getur verið listamaður sem er líka kvenkyns.

3.3 Hvernig senan birtist þeim persónulega

Næstu þrjár spurningar voru lagðar til viðmælanda til þess að kanna tengsl þeirra við senuna og þeirra upplifun þegar kemur að tónlist sem þær skapa; hvernig senan bregst við því.

Hvernig komstu inn í grasrótarsenuna?/inn í *post-dreifingar* senuna?

Hér voru svör viðmælanda ólík sem við búast búast þar sem þær komu allar með mismunandi bakgrunn. Þó voru flestir viðmælendur sem komust inn í senuna gegnum vini, hvort sem það voru vinir sem þær þekktu ótengt tónlist eða fólk sem þær höfðu kynnst á *post-dreifingar* viðburðum. Tveir viðmælendur sem komu inn í grasrótarsenuna kringum stofnun *post-dreifingar* töluðu um hvað þeim fannst ekki vera pláss fyrir sig innan íslensku tónlistarsenunnar á þeim tíma og að *post-dreifing* hafi gefið þeim þann vettvang og pláss sem þær leituðust eftir. Einn viðmælandi sem kom inn í senuna seinna lýsir því hvernig hún fann strax fyrir ákveðinni stemmingu á *post-dreifingar* viðburðum og hugsaði að hér myndi hún vilja vera. Sami viðmælandi og annar viðmælandi tóku báðar þátt í

Músíktilraunum og sögðu þær báðar það hafa verið þeirra ingangur inn í íslensku tónlistarsenuna sem leiddi þær svo áfram inn í *post-dreifingu*.

Finnst þér tónlistin þín vera tekin alvarlega af öðrum í grasrótarsenunni?

Allir viðmælendur svöruðu að þeim fundist tónlistin þeirra vera tekin alvarlega. Þrír viðmælendur töluðu um að það væri stuðningur og hvatning í því að fólkið sem mætir á tónleika vill mæta. Til að styðja við þetta segir annar viðmælandi í svörum við spurningna „Hvernig líður þér á *post-dreifingar* tónleikum, bæði sem tónlistarmaður og áhorfandi?“ að ein af ástæðunum afhverju henni líði vel að spila á tónleikum í grasrótarsenunni sé að hún upplifir að fólk vilji mæta og hlusta á hana og að hún sé ekki bara bakgrunnshljóð á barnum. Einn viðmælandi talaði líka um að samtölin sem hún eigi innan senunar um tónlistina gefi stuðning til þess að prófa nýja hluti og halda áfram. Hún sagði að það væri mikið rými og stuðningur til þess að prófa allt:

Þetta er svo opinn vettvangur gagnvart því sem maður er að gera, það er leyfi til þess að prófa allt, jafnvel þó að það sé grín þá verður það alvarlegt því það er það sem þú ert að gera, ef maður eyðir tíma í það og er að gefa eitthvað frá sér, þá ertu ennþá að gera eitthvað og leggja orku í það og því er tekið með opnum örmum.

Þessu til stuðnings talaði annar viðmælandi um hvað það hafi komið henni skemmtilega á óvart þegar hún byrjaði í senunni hvað allir höfðu áhuga á því sem „allir eru að gera“ og að það væri svo mikill stuðningur fyrir öllu.

Finnst þér þú vera hvött (bæði af utanaðkomandi aðilum og innan frá) til að skapa tónlist (meira en aðrir)?

Þrír viðmælendur sögðu að fjölskyldur þeirra hafi hvatt þær og verið stuðningsríkar. Ein talaði einnig um fyrirmyndir, um hvernig það sé hvatning fólgin í að sjá aðrar konur sem eru að afreka margt og að geta samsvarað sig með þeim. Ein talaði um hvernig hún upplifi að fólk vilji bara heyra hana syngja og að hún hafi verið meira hvött til þess heldur en að semja, sem setur hana í box og fer það í taugarnar á henni. Hún segir að hennar hvatning komi innan frá. Tveir viðmælendur töluðu um að tónleikar séu stór hvatning, bæði að fólk sé að mæta og síðan að spjalla við fólk á tónleikum.

Enn og aftur er niðurstaðan sú að þessir listamenn geta tekið pláss og dafnað innan grasrótarsenunnar á Íslandi. Sérstaklega því að fólk innan senunnar ber með sér ákveðið

hugarfar eins og það að styðja við tónlistarsköpun allra og gera pláss fyrir alla að gera sitt. Mikið af senunni er byggt á tengslum í gegnum vini og samtöl og það er hvernig viðmælendurnir lýstu sinni innkomu inn í senuna. Engin af viðmælendunum fannst þær ekki mega taka pláss í senunni og nefndu það margoft að það sé pláss fyrir alla.

4. Samantekt

Rauði þráðurinn gegnum öll viðtölin var hvernig viðmælendur töluðu um senuna sem opna og til staðar fyrir þær. Stemningin í *post-dreifingu* er þannig að hún stókar ekki út kyn einhvers en reynir að vera sanngjörn gagnvart öllum kynjum. Það er hins vegar meðvitund um þetta en megináherslan liggur samt fyrst og fremst í sjálfri tónlistinni. Þó að fleiri karlar séu í senunni en konur þá þýðir það ekki að það sé ekki pláss fyrir neitt annað, heldur er stemningin sem *post-dreifing* skapar sú að allir séu velkomnir. Svör við sumum spurningum komu á óvart t.d. voru þær meira tengdar þælingum um kvenleika en ég átti von á. Sjá spurningu númer 5: „Finnst þér þú vera hvött (bæði af utanaðkomandi aðilum og innan frá) til að skapa tónlist (meira en aðrir)?“ Þarna kom fram að þær fundu fyrir hvatningu til þess að flytja tónlist en ekki eins mikla til þess að skapa, þá í tengslum við það að konur eru oft hvattar til þess að vera flytjandinn frekar en sá sem skapar. Eins með svörin sem komu í tengslum við spurningu 4: „Hversu mikið hefur þitt uppeldi sem kona í þessum heimi haft áhrif á tónlistina þína?“ Þar töluðu viðmælendur um fyrirframgefnar hugmyndir kvenna í heiminum og það sé búist við því að konur syngi, semji laglínur og texta bakvið píanó og ekki mikið meira. Þær upplifðu að þær hefðu pláss til þess að prufa nýja hluti og að senan vilji að þær geri það sem þær ætli sér og að hún styðji við þær.

Niðurstöður og lokaorð

Hægt er að líkja *post-dreifingu* við aðra listamannahópa utan Íslands eins og *Waterfront Trails Artists' Association* nema þau byggja frekar á „gerum það sjálf“ hugmyndafræðinni á meðan *post-dreifing* gengur út á „gerum það saman“. Báðar spretta fram vegna þarfar á vettvangi sem samfélagið veitti þeim ekki.³⁷ Þau sköpuðu því sinn eigin, byggt á eigin gildum og töluðu listamennirnir um það að fólk sem er með lík gildi dragist að hvert öðru og er það sérstaklega svo þegar um er að ræða róttæk pólitísk gildi.

Hugmyndin um öruggara rými er eitthvað sem *post-dreifing* tileinkar sér og líkt og einn af viðburðarskipuleggjendum í greininni „Sexual Violence and Gender Equality in Grassroots Music Venues: How to Facilitate Change“ segir, þá eru þau að vinna sem lítið samfélag að því að skipuleggja viðburði og vilja passa sérstaklega uppá þá staði sem þau séu að vinna með því þau vilja að öllum líði vel.³⁸ Þessi hugmyndafræði er lík þeirri sem *post-dreifing* gengur út á nema þau hafa ekki alltaf þann lúxus að útiloka staði vegna skorts á tónleikastöðum á Íslandi. Þess í stað passa þau uppá að fólkið sem sækist í viðburðina sé allt á sömu blaðsíðu með hegðun á viðburðum svo að það séu minni líkur á atviki að eiga sér stað.

Allir viðmælendur töluðu um að innan *post-dreifingar* sé nóg pláss fyrir alla burtséð frá kyni og að þær upplifi sig ekki að senan sé að takmarka þær. Þetta fer með samræðunni í doktorsritgerðinni „Claiming Space: Discourses on Gender, Popular Music, and Social Change“, þar sem tónlistarkonurnar ræddu um mikilvægi þess að vera meðvitaðar um þær takmarkanir sem samfélagið setur á tónlistarkonur til þess að geta eignað sér pláss innan senunar. Þegar spurningin um sköpun kom upp nefndu sumir viðmælendur einnig að stuðningurinn sem þær fengu væri oft aðeins fyrir að syngja eða flytja tónlist en ekki til þess að skapa eins mikið. Þetta fer saman við það sem Björck segir: Að tónlistarkonur fá mun oftast stuðning við flutning en ekki við sköpun útaf fyrirframgefnum væntingum sem samfélagið leggur á þær.³⁹

Umræðan um fyrirmyndir kom líka upp og var áhugavert að eldri viðmælendur gátu nefnt örfáar fyrirmyndir en þær yngri nefndu fleiri. Þær töluðu um að í kringum aldamótin hafi orðið áberandi breyting í kvennabaráttu og að þær byrjuðu að sjá fleiri fyrirmyndir. Ein

³⁷ Bain og McLean, „The Artistic Precariat“.

³⁸ Hill og Megson, „Sexual Violence and Gender Equality in Grassroots Music Venues“.

³⁹ Björck, „Claiming Space: Discourses on Gender, Popular Music, and Social Change“.

ræddi það að vera sínar eigin fyrirmynd á ákveðinn hátt með því að taka upp hljóðfæri sem hefur í gegnum tíðina verið kennd meira við karla. Þessi umræða er mikilvæg og hægt að tengja við umræðuna sem Helen Elizabeth Davies átti um fyrirmyndir. Þar er hægt að tengja upplifun eins viðmælanda um að sjá eina sterka kvenfyrirmynd á hljóðfæri sem er kennt við karla og sjá að hún gæti gert það sama.⁴⁰

Viðmælendur töluðu um að það sé hægt að treysta á að fólk sem sækir *post-dreifingar* viðburði sé fólk sem vill líka finna fyrir gildum um „öruggari rými“ og jafnvel þó að þau geti ekki útilokað staði eins mikið og viðburðaskipuleggjandinn í grein Rosemary Lucy Hill og Molly Megson um grasrótartónlistarstaði þá geta þau útilokað fólk með því að vera hávær um gildin sín.⁴¹ „Gerum það saman“ hugmyndafræðin kom einnig mikið upp í viðtölunum þar sem hún er ein af helstu gildum *post-dreifingar*, líkt og sú sem kom fram í *Waterfront Trails Artists' Association* um „gerum það sjálf“, þá er þetta hugmyndafræði sem er mjög mikilvæg þegar kemur að grasrótarsenum sem myndast af þörf fyrir nýjan vettvang til þess að skapa.⁴²

Það virðist að vegna skýrra pólitískra gilda og opinnar hugmyndafræði nái *post-dreifing* að skapa mun betra umhverfi fyrir kvenlistamenn vegna þess að ekki er gert upp á milli kynja eða ekkert sérstakt gert úr kyni. Þær séu bara listamenn eins og allir hinir. En þær eru samt búnar að upplifa heiminn sem konur, voru aldar upp þannig, og það situr eðlilega í þeim. Engu að síður hefur grasrótarsenan hjálpað þeim að prufa nýja hluti og hvatt þær til að gera hvað sem þær vilja. Hlutir eins og „öruggara rými“ hjálpi einnig við það að draga að sér samhuga fólk sem kann að haga sér og það skapar einnig betri vettvang fyrir fólk til þess að mæta og koma fram á viðburðum sem hafa þau sömu gildi.

Eftir að ég byrjaði að skrifa þessa ritgerð varð ég mun virkari hluti af *post-dreifingu* og vegna viðtalanna var ég komin með beina tengingu inn í senuna. Ég fékk svo margar ábendingar og aðgang að hlutum sem hefðu mögulega gagnast mér fyrr í ferlinu þegar ég nefndi að ég væri að skrifa um *post-dreifingu*. Ég hefði til dæmis reynt að grafa dýpra í hugsunina um slaufun og hvernig hún hafi áhrif á listamannahópa með þessi gildi. Ef að það er manneskja innan senunar sem hefur verið lengi en reynist vera til vandræða eða brjóta gegn gildunum. Einnig hefði ég viljað kanna hvernig viðhorf erlendra aðila sem taka

⁴⁰ Davies, „Preparing for the ‘Real World’? Exploring Gender Issues in the Music Industry and the Role of Vocational Popular Music Higher Education“.

⁴¹ Hill og Megson, „Sexual Violence and Gender Equality in Grassroots Music Venues“.

⁴² Bain og McLean, „The Artistic Precariat“.

þátt í senunni er, hvernig *post-dreifing* hefur unnið með fjármagn og tæklun þeirra á fækkandi tónlistarstaða í Reykjavík. Það verður samt að bíða betri tíma.

Þó að *post-dreifing* hafi verið í fullum blóma frá stofnun þá hefur viðburðum fækkað sl. tvö ár og virkni dvínað. Í gegnum rannsókn mína á sambærilegum fyrirbærum sá ég oft svipað mynstur og sá því að þetta gætu verið örlög *post-dreifingar* líka.⁴³ *Post-dreifing* var stofnuð vegna þarfa listamanna á nýjum vettvangi til að skapa list sem passaði ekki inn í meginstraumslistina á þeim tíma. Þeim markmiðum hefur nú e.t.v. verið náð og því líklegt að það sé minni þörf á samlaginu í framtíðinni. Þó að þetta sé leitt, sérstaklega fyrir fólk eins og mig sem upplifði *post-dreifingu* sem fyrirbæri sem hafi alltaf verið til og ætti alltaf að vera til, þá er hægt að horfa á þetta sem byrjun á nýju tímabili. T.d. er Hátíðni nú að verða sjálfstætt fyrirbrigði og ný kynslóð kemur að skipulagningu, þ.á.m. ég sjálf. Þetta er kynslóð sem er alin upp í *post-dreifingar* hugmyndafræðinni, eins og ég hef greint hana í þessari ritgerð. Það sýnir að hún virkar og það til góðs.

⁴³ Samkvæmt Michael P. Farrelt, sem var vitnað stuttlega í framar, þá eiga allir viðlíka hópar sér upphaf, miðju og endi, eitthvað sem er sögulega sannað.

Heimildaskrá

- Arnar Eggert Thoroddsen. „Getur tónlist stuðlað að róttækni?“ *Vísindavefurinn*. Sótt 18. mars 2024. <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=49077>.
- Bain, Alison, og Heather McLean. „The Artistic Precariat“. *Cambridge Journal of Regions, Economy and Society* 6, tbl. 1, 1. mars 2013, 93–111. <https://doi.org/10.1093/cjres/rss020>.
- Beckett, Rex. „From Iceland — New Wave DIY: Meet The Post-Dreifing Music & Arts Collective“. *The Reykjavik Grapevine*, 5. júlí 2019. <https://grapevine.is/icelandic-culture/music/2019/07/05/new-wave-diy-meet-the-post-dreifing-music-arts-collective/>.
- Björck, Cecilia. „Claiming Space: Discourses on Gender, Popular Music, and Social Change“. Doktors ritgerð, University of Gothenburg. Faculty of Fine, Applied and Performing Arts, 2011. <http://hdl.handle.net/2077/24290>.
- Blommegård, Alina. „Post-dreifing: ”Musik och politik är sammankopplade hela tiden““. *HYMN (blog)*, 17. apríl 2021. <https://hymn.se/2021/04/17/post-dreifing-musik-och-politik-ar-sammankopplade-hela-tiden/>.
- Davies, Helen Elizabeth. „Preparing for the ‘Real World’? Exploring Gender Issues in the Music Industry and the Role of Vocational Popular Music Higher Education“. Í *Towards Gender Equality in the Music Industry : Education, Practice and Strategies for Change*, ritstýrt af Catherine Strong og Sarah Raine, 29–43. Bloomsbury Academic, 2019. <https://directory.doabooks.org/handle/20.500.12854/98549>.
- Facebook. „BROTTVÍSANIR ERU OFBELDI! protest & fundraiser concert / Korter í flog / GRÓA / Sigrún / Xiupill“. 22. apríl 2024. <https://www.facebook.com/events/419902337447407/>.
- Facebook. „New account! 🇸🇰 New account! 🇸🇰 Cheers to the... - Hátíðni Arts Festival | Facebook“, 1. mars 2024. <https://www.facebook.com/hatidni.festival/posts/pfbid0364UG2hDs8wBnKRPYGNPYKyZq462J1PjN5BcmT2DGfR7SQQ9XEfjhkDiTMXe3Dms2l>.
- Farrell, Michael P. *Collaborative Circles: Friendship Dynamics and Creative Work*. Chicago, IL: University of Chicago Press, 2003. <https://press.uchicago.edu/ucp/books/book/chicago/C/bo3645929.html>.

- Snæbjörn Jack. hátíðni 2021, 2021. <https://www.youtube.com/watch?v=h7KqxcISfh8>.
- Halldóra Jónsdóttir. „Grasrót“. Í Íslensk nútímamálsorðabók. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, mars 2020.
<https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/53948>.
- Helga Jónsdóttir. „Viðtöl í eigindlegum og meginlægum rannsóknum“. Í Handbók í aðferðaffræði rannsókna, 1. útgáfa., 137–53. Akureyri: Ásprent Stíll ehf, 2013.
- Hill, Rosemary Lucy, og Molly Megson. „Sexual Violence and Gender Equality in Grassroots Music Venues: How to Facilitate Change“. IASPM Journal 10, tbl. 1, 15. nóvember 2020, 3–21. <https://doi.org/10.5429/2079-3871>.
- Jana Björg Þorvaldsdóttir, og Árni Dagur Andrésón. „Dreifing er hafin“. Neminn.is (blog), 31. janúar 2020. <https://neminn.is/2020/01/dreifing-er-hafin/>.
- Jóhannes Bjarki Bjarkason. „Dreifingin er hafin: Listasamlagið post-dreifing í ljósi anarkískra skipulagskenninga“. BA ritgerð, Háskóli Íslands, 2019.
<https://skemman.is/bitstream/1946/32051/1/baritger%c3%b0.pdf>.
- Karítas M. Bjarkardóttir. „Post-dreifing situr fyrir svörum“. Framhaldsskólablaðið, 2018.
- Ledbetter, Emma, og Asha Edmondson. „From Iceland — Hátíðni: A Space For Those Without One“. The Reykjavik Grapevine, 11. ágúst 2022.
<https://grapevine.is/mag/2022/08/11/hatidni-a-space-for-those-without-one/>.
- „LungA (@lunga.festival) • Instagram photos and videos“. 14. júlí 2023.
<https://www.instagram.com/p/CurhSxtael/>.
- „Norðanpaunk (@nordanpaunk) • Instagram photos and videos“. 5. ágúst 2023.
https://www.instagram.com/p/Cvk3Jh5A7fi/?img_index=1.
- Pickard, Sarah. „Young environmental activists and Do-It-Ourselves (DIO) politics: collective engagement, generational agency, efficacy, belonging and hope“. Journal of Youth Studies 25, 28. mars 2022.
<https://doi.org/10.1080/13676261.2022.2046258>.
- Post-dreifing. „Post-dreifing manifesto“. post-dreifing, 19. janúar 2022. <https://post-dreifing.is/about/>.
- „post-dreifing (@post.dreifing) • Instagram photos and videos“. Sótt 8. apríl 2024.
<https://www.instagram.com/post.dreifing/>.

„post-dreifing (@post.dreifing) • Instagram photos and videos“. 29. júní 2023.

https://www.instagram.com/p/CuFG8YbIjYY/?img_index=1.

The Roestone Collective. „Safe Space: Towards a Reconceptualization“. *Antipode* 46, tbl. 5, 2014, 1346–65. <https://doi.org/10.1111/anti.12089>.

Tate. „Collective“. Sótt 4. apríl 2024. <https://www.tate.org.uk/art/art-terms/c/collective>.

Taylor, Timothy Dean. *The sounds of capitalism advertising, music, and the conquest of culture*. Chicago ; London: University of Chicago Press, 2012.
<https://doi.org/10.7208/9780226791142>.

Whitley, Sheila. *Women and Popular Music: Sexuality, Identity, and Subjectivity*.

Endurprent. 2 Park Square, Milton Park, Abingdon, Oxon. 270 Madison Ave, New York: Routledge, 2000.

Zadeh, Joe. „Reclaiming Reykjavik: Iceland’s Politically-Minded Youth Are Shaking...“.

The Face (blog), 4. október 2019. <https://theface.com/music/reykjavik-iceland-post-dreifing-music-anarcho-scene>.

Viðtöl

Karólína Þúfa Einars Maríudóttir. Viðtal tekið af höfundi, 19. september 2023.

Katrín Helga Ólafsdóttir. Viðtal tekið af höfundi, 14. september 2023.

Kolbrún Óskarsdóttir. Viðtal tekið af höfundi, 21. september 2023.

Salóme Katrín Magnúsdóttir. Viðtal tekið af höfundi, 13. september 2023.

Sigurlaug Thorarensen. Viðtal tekið af höfundi, 25. september 2023.